

Námskrá

Framtíðarfólk ehf.

*Skapar sterkan grunn að bjartri
framtíð*



Leikskólinn Áshamar Hafnarfirði

Formáli:

Námskrá Framtíðarfólks er unnin í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008, sem kveða á um að hver leikskóli skuli gefa út skólanámskrá. Námskráin er ítarlegri útfærsla aðalnámskrár leikskóla og þjónar sem leiðarvísir fyrir starfsfólk um innra starf leikskólans. Hún veitir einnig foreldrum og öðrum aðilum mikilvægar upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Í námskránni eru sett fram markmið og leiðir ásamt viðhorfum okkar til leikskólabarna, menntunar, leiks og lífsgæða á barnæsku.

Þetta er fyrsta námskrá Framtíðarfólks og verður hún innleidd í leikskólanum Áshamar í samstarfi og með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar. Stefnt er að heildarendurskoðun hennar á skólaárinu 2026–2027.

Námskráin skiptist í níu kafla:

1. **Lög og viðmið:** Ytri umgjörð leikskólastarfsins, þar á meðal lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla.
2. **Skipulag og starfshættir:** Umfjöllun um leikskólann, skipulag hans og megináherslur Framtíðarfólks.
3. **Leikskólastarf Framtíðarfólks:** Yfirlit yfir daglegt starf og leiðarljós.
4. **Sýn á börn og leik:** Leikurinn sem lykilþáttur í námi og þroska barna.
5. **Hugmyndafræði leikskólans:** Fræðilegur grunnur og nálgun í starfi.
6. **Grunnþættir menntunar:** Undirstöður leikskólastarfsins og mikilvægustu áherslur þættir í uppeldi og menntun.
7. **Námssvið og námsleiðir:** Skipulag og útfærsla kennslu í leikskólanum.
8. **Mat og skráningar:** Aðferðir við skráningu og mat á leikskólastarfi.
9. **Samstarf og tengsl við samfélagið:** Foreldrasamstarf, tengsl við grunnskóla og samstarf við nærsamfélagið.

Með námskrá þessari leggur Framtíðarfólk grunn að metnaðarfullu og faglegu leikskólastarfi þar sem velferð, nám og þroski barna er í forgrunni.

Efnisyfirlit

Formáli:	2
Forsendur skólanámskrár	4
Lög um leikskóla	4
Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995	4
Aðalnámskrá leikskóla	4
Grunnþættir menntunar	4
Skólanámskrá	4
Hlutverk leikskólans og stefna Framtíðarfólks	5
Starfshættir og áherslur hjá Framtíðarfólki	5
• Útikennsla sem megináhersla	5
• Farsæld og vellíðan barna	5
• Sköpun og nám í gegnum reynslu	5
• Samvinna og félagsfærni	5
• Fjölbreytileiki og virðing fyrir þörfum barna	6
Upplýsingar um skóla	6
Starfshættir og áherslur	6
Framtíðarfólk og sýn á leikskólabörn	7
Leikurinn	7
Hugmyndafræði og kenningar	8
Alison Clark	8
John Dewey, nám af reynslu (Experiential Learning)	9
Lev Vygotsky um félags- og menningarlegan þroska og rými mögulegs þroska	10
Grunnþættir menntunar í starfinu	10
Námssvið Framtíðarfólks – heildrænn þroski barnsins	11
Okkar barn: Félagslegur og tilfinningalegur þroski	11
Barn heimsins – inngilding, jafnrétti og lýðræði	13
Mat á leikskólastarfi	13
Innra mat	14
Ytra mat	15
Nemendur	15
Foreldrasamstarf	16
Samstarf við samfélagið	17
Áhersla á farsæld, samþætta þjónustu og fjölbreytileika í skólum Hafnarfjarðar	17
Heimildaskrá	19

Forsendur skólanámskrár

Aðalnámskrá leikskóla er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega byggist hún á markmiðum 2. gr. laganna og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf. Kveðið er á um að leita skuli jafnvægis milli stúlkna og drengja í öllu leikskólastarfi.

Lög um leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla. Mennta- og barnamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi.

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995

Reglugerðin tekur til leikskóla sem starfa á grundvelli laga um leikskóla og kveður hún á um þá þætti í rekstri leikskóla sem eru grunnforsendur þess að uppeldismarkmiðum sem kveðið er á um í 2.gr. laganna verði náð.

[Lög um leikskóla](#)

Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og á að mynda sveigjanlegan starfsramma skólanna. Á grundvelli þessa leiðarvísis á hver leikskóli að gera eigin skólanámskrá.

Aðalnámsskrá leikskóla:

- er fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk leikskólans
- byggist á barnvænni hugmyndafræði þar sem þroski barna og þarfir eru þungamiðja.
- er ætlað að samræma uppeldi og menntun barna í leikskólum landsins.
- er viðmið við mat á leikskólastarfi og menntun leikskólakennara.
- er ætlað að tryggja gæði í leikskóla og jafna uppeldisaðstöðu barna.

Grunnþættir menntunar

Skólakerfið er mikilvægasti grundvöllur þess að samfélagið tryggi almenna menntun. Því er eðlilegt að skýra grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og tengja þá við meginsvið þekkingar og leikni sem einstaklingum standa til boða í skólum. Aðalnámskrá er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskráargerð þessa..

Þessir grunnþættir eru:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun.

Skólanámskrá

Skólanámskrá er yfirlýsing um hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar leikskólastarfinu. Hún byggir á því sem samfélagið telur mikilsvert og þeim menningararfi sem talið er mikilvægt að miðla til næstu kynslóðar. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi sem börnin fá á heimilum sínum. Leikskólinn er fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.

Hlutverk leikskólans og stefna Framtíðarfólks

Leikskóli er uppeldis- og menntunarstofnun. Hann leggur áherslu á leikinn sem náms- og þroskaleið og leggur rækt við skapandi eiginleika, starf og uppgötvunarnám barnsins. Hann er þjónustustofnun og veitir börnunum öruggan samastað utan heimilis. Leikskólinn er viðbót við heimilið og sinnir uppeldislegum þáttum í samvinnu við það.

Skólanámskrá:

- Gerir skólastarfið sýnilegra
 - Veitir yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri skóla
 - Gerir skólastarfið markvisst og skýrt
 - Veitir heildarsýn yfir uppeldisstarfið
 - Gefur starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
 - Gerir nýliðum auðvelt að komast inn í starfið
- Auðveldar markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila.

Starfshættir og áherslur hjá Framtíðarfólki

Starfshættir leikskólans Áshamars byggjast á heildstæðri nálgun þar sem útikennsla, sköpun, vellíðan barna og samvinna eru megináherslur. Með þessum starfsháttum er stefnt að því að skapa námsvænt umhverfi þar sem börn fá að þroskast á fjölbreyttan og heilbrigðan hátt.

• Útikennsla sem megináhersla

Útikennsla er eitt helsta einkenni starfsins í leikskólanum Áshamri. Börnin læra í náttúrulegu umhverfi þar sem þau fá tækifæri til að kanna og prófa sig áfram. Námið hefur að markmiði að börn þrói sjálfstæði, sjálfstraust og félagsfærni með því að vera virk úti í náttúrunni. Náttúruleg svæði í kringum leikskólann, svo sem hraunbreiður og fjölbreyttur gróður, verða nýtt til að efla tengsl barna við umhverfið og náttúruna.

• Farsæld og vellíðan barna

Leikskólinn leggur sérstaka áherslu á að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barna. Þetta felur í sér að skapa öryggisríkt umhverfi þar sem börnin upplifa gleði, vellíðan og tilfinningu fyrir að tilheyra hópi. Útikennsla og hreyfing úti í náttúrunni stuðla að líkamlegu hreysti heilsu barna. Þá hefur náttúran hefur róandi áhrif á börn, sem eflir andlega vellíðan þeirra.

• Sköpun og nám í gegnum reynslu

Sköpun er í forgrunni í starfi leikskólans þar sem börnin fá tækifæri til að nota an efnivið og landslag til að skapa og leika sér. Með útikennslu, frjálsum leik og skapandi verkefnum fá börnin tækifæri til að styrkja hugmyndaflugið og nýta ímyndunaraflíð til að leysa verkefni.

• Samvinna og félagsfærni

Leikskólinn leggur áherslu á að efla félagsfærni barna með samvinnu og sameiginlegum verkefni. Börn vinna saman í hópum við að leysa verkefni í útikennslu, þar sem þau læra að deila ábyrgð, virða hæfni annarra og þróa eigin hæfni til samskipta og samvinnu.

- **Fjölbreytileiki og virðing fyrir þörfum barna**

Áhersla er lögð á að mæta þörfum allra barna, óháð uppruna, getu eða áhugasviði þeirra. Starfshættirnir miða að því að skapa umhverfi þar sem börn fá tækifæri til að þroskast á sínum eigin forsendum, í fjölbreyttu námsumhverfi sem tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum.


Upplýsingar um skóla

Leikskólinn Áshamar, sem staðsettur er í Hamranesi í Hafnarfirði, er nýr og glæsilegur sex deilda leikskóli sem býður upp á framúrskarandi aðstöðu fyrir börn á leikskólaaldri. Leikskólinn er staðsettur í fallegu náttúrulegu umhverfi með fjölbreyttu gróðurfari og jarðfræðilegum sérkennum, sem veitir einstakt tækifæri til útikennslu og náms í gegnum reynslu.

Starfshættir og áherslur

Starfshættir leikskólans Áshamars byggja á heildstæðri nálgun þar sem útikennsla, sköpun, velliðan barna og samvinna eru megináherslur. Með þessum starfsháttum er stefnt að því að skapa námsvænt umhverfi þar sem börn fá að þroskast á fjölbreyttan og heilbrigðan hátt. Fagmennska, sveigjanleiki, traust og samvinna eru gildi skólans, bæði í kennslu og mannauðsmálum. Framtíðarfolk hefur mótað skýra nálgun um sameiginlega ábyrgð í starfsemi leikskólans. Starfsfolk sem vinnur „á gólfinu“ með börnum fær skýrar leiðbeiningar um hvað það gerir og hvernig það gerir það og er treyst fyrir að vinna starf sitt vel. Gert er ráð fyrir að í slíku umhverfi upplifi starfsfolk skólans svigrúm til að sýna frumkvæði og njóta þess að starfa með börnum og fólki sem brennur fyrir leikskólastarfið. Samhliða þessum leiðbeiningum fær starfsfolk stuðning, ráðgjöf og þjálfun frá leikskólaráðgjöfum og stjórnendum skólans.

Á leikskólanum eru ekki hefðbundnar aldursgreindar deildir. Þess í stað er unnið með svæði þar sem börnum á ákveðnum aldri er útvegað allt sem þarf til að styðja við þroska, vöxt og framfarir þeirra. Unnið er samkvæmt ákveðnum listum um þroskaviðmið sem byggja á námssviðum Framtíðarfólks og gera starfsfólki kleift að skrá heildræna þróun í starfseminni. Listar þessir veita kennurum og starfsfólki skýrt skilgreind viðmið til að vinna samkvæmt og styðja eiga við markvissa skipulagningu á starfseminni og aðferðum við leik og könnun barna.



Framtíðarfólk og sýn á leikskólabörn

Börn eiga skilið bestu mögulegu byrjun á lífi sínu og stuðning sem gerir þeim kleift að nýta hæfileika sína og þora að skapa sín eigin tækifæri síðar á lífsleiðinni. Að efla vitsmunalegan, félagslegan, tilfinningalegan og líkamlegan þroska á fyrstu árum hefur bein áhrif á heildrænan þroska barna og manneskjunnar sem þau verða. Að hámarka möguleika á fyrstu árum barna er besta fjárfestingin sem við sem samfélag getum veitt börnum til að tryggja velgengni þeirra í framtíðinni.

Nýlegar rannsóknir og reynsla af þróun starfshátta benda til þess að börn hafi mun meiri möguleika til að læra á fyrstu árum en áður var talið. Það þýðir að umgjörð bernskunnar ætti að bjóða upp á ríkt og krefjandi umhverfi fyrir leik og nám. Í þannig umhverfi og með leiðsögn hæfra kennara, getur reynsla barna á fyrstu árum haft veruleg áhrif á síðara nám þeirra.

Börn byrja að læra um heiminn sem þau tilheyra allt frá því í móðurkviði. Reynsla barna og tengslin sem þau mynda í barnæsku hafa djúp áhrif á líkamlegan, vitsmunalegan, tilfinningalegan og félagslegan þroska þeirra til framtíðar.

Að veita örugga, hlýja og hamingjuríka æsku er mikilvægt. Traust uppeldisstarf með hágæða þekkingu og reynslu af leik og námi veitir þann grunn sem börn þurfa til að nýta færni sína og hæfileika sem best þegar þau vaxa.

Námskráin okkar setur þau viðmið sem við teljum að muni tryggja að börn blómstri og njóti sín á meðan þau læra og þroskast. Þær starfsaðferðir sem við notum felur í sér skuldbindingu gagnvart börnum um að stuðla að þroskandi umhverfi þar sem leikur og nám veitir þeim margvíslega þekkingu og færni. Þetta eru nauðsynlegir þættir til að byggja grunn að stöðugum framförum og félagslegri vellíðan á menntunarleið barna og ævi þeirra.

Við lítum á hvert barn í okkar umsjón sem einstaka veru með einstaklingsbundna reynslu, hæfileika, þekkingu og möguleika til að læra og þroskast. Við bjóðum upp á öruggt og heilbrigt umhverfi þar sem börnum er frjálst að kanna eigin möguleika, nýta færni sína, reynslu og þekkingu á eigin hraða. Framtíðarfólk leggur megináherslu á að kennarar fylgist stöðugt með, skrái og meti þroska til að styðja og hvetja börn til að ná þroskaviðmiðum.

Leikurinn

Leikur er meginnámsleið barna og eiga leikskólakennarar að styðja við leik, skapa hvetjandi aðstæður í leikskóla og tækifæri fyrir börn til að leika sér (Brooker o.fl., 2014; Corsaro, 2015; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012). Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námsumhverfið er jafnframt mikilvægur áhrifaþáttur í námi barna og þarf hönnun þess og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna.

„Í leik mynda börn tengsl við aðra, skapa sér þekkingu, taka sér hlutverk, skapa ímyndaðar aðstæður og fylgja reglum leiksins sem þau setja sjálf. Börn hafa mismunandi áhuga, búa yfir ólíkri reynslu og þekkingu, sem þau auðga leik sinn með“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Hjá Framtíðarfólki er lítið á leikinn sem eitt mikilvægasta tjáningarform barna. Í leik felst oft mikil sköpun þar sem börn opna sig og áhugasvið sín og eiga í samskiptum við aðra.

Leikskóladagur barna felur að mestu leyti í sér frjáls leik þeirra. Þegar þau leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þar sem þau setja fram hugmyndir og þurfa að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra.


Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum. Þegar börn gera sér grein fyrir eigin möguleikum geta þau betur tekist á við áskoranir, náð ávinningi og sýnt seiglu (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Hlutverk kennara og starfsfólks er að vera vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist, spyrja þau opinna spurninga, vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga. Í leik læra börn hvert af öðru en hlutverk hins fullorðna í leik barna er engu síður mikilvægt og margþætt. Kennarar eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leikinn (Aðalnámskrá leikskóla, 2023).

Hugmyndafræði og kenningar

Alison Clark


Hjá Framtíðarfólki er stuðst við hugmyndafræði um hæglátt leikskólastarf. Áhersla er lögð á það að umhverfið í leikskólanum sé það sveigjanlegt að það gefi börnum svigrúm til að njóta þess að vera í leik og skapandi starfi án tímapressu. Hæglátt leikskólastarf gengur út á að lærdómur eigi sér stað þegar börn fá tækifæri til þess að sökkva sér í viðfangsefni og kanna það sem það telur vera áhugavert, spyrja spurninga og leita svara við þeim. Þegar nám á sér stað við slíkar aðstæður kallast það hægvinna þekking (e. slow knowledge) og snýr að samtali og samveru milli fullorðinna/kennara og barna þar sem tíminn er ekki mældur í skilgreindum eða afmörkuðum einingum heldur þeim tíma sem barnið þarf. Ef haldið er of fast í klukkuna getur verið hætt á því að hún hafi neikvæð áhrif á tækifæri barna í leik (Clark, 2022).



Í bókinni „*Slow Knowledge and the Unhurried Child; Time for Slow Pedagogies in Early Childhood Education*“ lýsir Alison Clark kenningunni um hægvinna þekkingu sem leið til að stuðla að markvissri og ígrundaðri nálgun við nám í leikskólum. Áhersla er lögð á djúpan skilning og könnun frekar en að vinna hratt eða innan stutts tímaramma með fjölda viðfangsefna. Með því að leyfa börnum á leikskólaaldri að taka ríkan þátt í að móta hugmyndir á eigin hraða og út frá forvitni styður þessi nálgun við þroskandi námsupplifun. Hæglát aðferð styður jafnframt við seiglu og sköpunargáfu sem gerir börnum kleift að mynda tengsl og þróa grunnfærni á nærandi og sjálfbæran háttum leið og þau læra.

John Dewey, nám af reynslu (Experiential Learning)

Hugmyndafræði John Dewey um reynslunám leggur áherslu á þá hugmynd að menntun eigi að byggja á áunninni reynslu. Hann taldi að nám væri árangursríkast þegar nemendur taka virkan þátt í praktískum athöfnum sem eru viðeigandi og þroskandi fyrir líf þeirra. Dewey talaði einnig fyrir gagnrýnni hugsun sem mikilvægum þætti og hvatti nemendur til að ígrunda reynslu sína til að öðlast dýpri skilning og þekkingu.



John Dewey lagði mikla áherslu á að nám ætti að byggja á reynslu og að börn lærðu mest af beinum samskiptum við umhverfi sitt. Útíkennsla þar sem börn eru virk í að kanna og prófa samræmist þessari hugmyndafræði þarsem hún kennir börnum að taka þátt í náminu við raunverulegar aðstæður.

Hugmyndir Dewey styðja einnig við Aðalnámskrá leikskóla og menntun til sjálfbærni með því að efla ábyrgðarkennd barna gagnvart umhverfinu og skilning þeirra á því hvernig þau geta haft áhrif á það. Heilbrigði og velferð eru einnig hluti af þessum hugmyndum en Dewey lagði áherslu á mikilvægi líkamlegrar þátttöku og reynslu í námsferlinu.

Skógarleikskóli og John Dewey

Leikskólinn mun einnig byggja á hugmyndafræði skógarleikskóla þar sem frjáls leikur og könnun í náttúrunni eru lykilatriði. Börnin læra sjálfstæði og félagsfærni með því að fá tækifæri til að kanna umhverfi sitt á eigin forsendum. Einnig byggir skólinn á hugmyndum John Dewey um reynslunám, þar sem börnin læra af því að eiga bein samskipti við umhverfið.

Hugmyndafræði um skógarleikskóla (e. Forest school Approach) leggur áherslu á að börn læri af náttúrulegu umhverfi með því að eyða miklum tíma utandyra. Hún miðar að því að efla sjálfstraust, sjálfstæði og félagsfærni barna með frjálsum leik og könnunum í náttúrunni.

Þessi hugmyndafræði styður sérstaklega við sjálfbærnimenntun, sköpun og heilbrigði og velferð með því að leggja áherslu á tengsl við náttúruna og hreyfingu í náttúrulegu umhverfi. Hún styður einnig við læsi og tjáningu, þar sem börn fá tækifæri til að læra af samskiptum og reynslu í náttúrunni.

Nálgun okkar á útíkennslu byggir einning á hugmyndum þriggja mikilvægra frumkvöðla í leikskólafræðum frá upphafi greinarinnar, Freidrich Fröbel, Maria Montessori og Jean-Jacques Rousseau, auk norrænu skógarskólaaðferðarinnar.

- **Friedrich Fröbel**, svokallaður faðir leikskólahugmyndarinnar, trúði á mikilvægi leiks og náttúru í barnæsku. Hann talaði fyrir útivist sem leið til að tengja börn við náttúrulegt umhverfi sitt og stuðla þannig að könnunar- og athugunarfærni þeirra. Aðferðir Fröbel leggja áherslu á mikilvægi garða og útivistar sem órjúfanlegs hluta námsumhverfisins.
- **Maria Montessori** lagði áherslu á undirbúið umhverfi (e. prepared environment), sem felur í sér útsvæði sem eru byggð upp og skipulögð til að auðvelda sjálfstæða

könnun og lærdóm. Hún taldi að náttúran gæfi ríka, skynræna upplifun sem væri nauðsynleg fyrir þroska ungra barna. Svokallað Montessori-umhverfi felur oft í sér útivist sem á að hvetja til skynjunar, samhæfingar og líkamlegs þroska.

- Jean-Jacques Rousseau, í bók sinni „Émile, On Education“, rökstuddi Rousseau menntun sem væri í samræmi við náttúrulegan þroska barns. Hann sagði að börn lærðu af beinum samskiptum við náttúruna, reynslunámi og gagnrýninni hugsun. Rousseau leit á útivistarupplifun sem lífsnauðsynlega fyrir börn til að skilja heiminn í kringum sig og þroskast á heildrænan hátt.

Lev Vygotsky um félags- og menningarlegan þroska og rými mögulegs þroska (e. Sociocultural theory and Zone of Proximal Development).

Lév Vygotsky hélt því fram að leikurinn væri mikilvægusta námsleið barnsins þar sem barnið er lærir um þær félagslegu reglur sem gilda í umhverfinu. Hann taldi að barnið hefði getu til að framkvæma verkefnið sjálft þegar það fengi aðstoð til þess. Þannig feti það sig í átt að meiri þekkingu. Við lítum þannig á að einstaklingurinn sé fær um að efla þroska sinn, mátt og megin í leiknum og með aðstoð hins fullorðna geti það gert aðeins betur og bætt þannig við þekkingu sína.

Aðal kenning Vygotskys fólst í því að þróa skilning á hvernig sérstök færni manneskjunnar tengist félagslegri og menningarlegri þróun. Hann taldi að æðri hugarstarfsemi, sem felst meðal annars í skynjun, athygli, minni og hugsun, sé háð því hvernig menningin stuðlar að skilningi okkar á heiminum, ekki síst fyrir tilstuðlan tungumálsins.

Tungumál sem hefur þróast í menningarlegu samhengi og táknmál eru samkvæmt kenningu Vygotskys verkfæri til þess að skilja heiminn.

Vygotsky er kannski þekktastur fyrir kenningu sína um rými hins mögulega þroska eða nærþroskabilið (e. Zone of Proximal Development) sem fjallar um mikilvægi þess að vinna aðeins fyrir ofan getu barnsins. Finna þurfi tengsl á milli náms og þroska og sjá hvernig þau breytast þegar barnið færir frá einu þroskastigi til annars. Námi geti skapað rými fyrir þroska eða möguleika á þroska, til dæmis í átt að óhlutbundinni hugsun. Það gerist þegar barnið vinnur til dæmis með kennaranum að verkefnum sem krefjast þess konar hugsunar. Smátt og smátt eða með svokölluðum þroskastökkum þróa barnið með sér hæfileikann til að hugsa óhlutbundið.



Grunnþættir menntunar í starfinu

Aðalnámskrá leikskóla 90/2008 og menntastefnan sem felst í henni er reist á sex grunnþáttum menntunar sem eru leiðarljós við námskrárgerðina. Þessir grunnþættir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun. Krafa til leikskóla á Íslandi er að tryggja að grunnþættir menntunar endurspeglust í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag og séu þar með sýnilegir í skólastarfinu

öllu. Til þess að svo sé þurfa grunnþættirnir að koma fram í inntaki námsgreina og námssviða. Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla geta námssvið verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig. En mikilvægt er að grunnþættirnir fléttist inn í skólanámskrá og endurspeglar í efnisvali og inntaki námsins, kennslunni og leiknum. Starfshættir og aðferðir í leikskólum á vegum Framtíðarfólks eru undir áhrifum þeirra hugmynda sem fram koma í umfjöllun grunnþætti menntunar.

Námssvið Framtíðarfólks – heildrænn þroski barnsins

Við nálgumst hvert barn, nám þess og þroskaleiðir með heildrænum hætti. Sú heildræna nálgun þýðir fyrst og fremst að við viðurkennum börn sem fjölvíddar verur með bæði meðvitaðar og ómeðvitaðar hliðar. Nálgunin stuðlar að því að líkamlegur, vitsmunalegur og félags- og tilfinningaþroski á sér stað samtímis og stöðugt (Imran Shaari & Shu-Shing Lee. 2012). Jafnframt felur hún í sér að börn kanna og uppgötva til að læra og öðlast þekkingu með virkri þátttöku í eigin námi og þroska. Með vinnu sem byggir á heildrænni þroskanálgun skapa kennarar öruggt, gagnvirkt og jákvætt umhverfi með stöðugri hvatningu og innblæstri gagnvart börnum. Kennarar okkar vinna með meðfædda tilfinningu barna um forvitni, löngun til að spyrja, kanna og uppgötva til að þróa ævilanga löngun til að læra og skapa. Jafn mikilvægt er að nota heildræna nálgun til að tengja þroska barna við náttúrulegt umhverfi þeirra og byggja upp sterk tengsl með virku námi og félagslegri starfsemi.

Við skilgreinum námssvið okkar í samræmi við grunnþætti menntunar í Aðalnámskrá leikskóla sem eru samofin hverju þroskabili barnsins bæði í núverandi stöðu þess og stöðu þess í framtíðinni. Heildræn nálgun okkar er skilgreind innan eftirfarandi sex námssviða sem við tengjum við barnið sjálft.

Okkar barn: Félagslegur og tilfinningalegur þroski

Grunnþáttur menntunar skv. Aðalnámskrá leikskóla: heilbrigði og velferð og jafnrétti



Á námssviðinu „Okkar barn“ er áhersla lögð á að hlúa að heilbrigði, velferð og sjálfsþekkingu hvers barns. Með einbeittri og markvissri vinnu á nauðsynlegum þroskasviðum barna sem erulíkamleg, tilfinningaleg og félagsleg getum við tryggt að barnið sjálft (okkar barn) sé í fyrirrúmi (Zöggeler-Burkhardt., Embacher., & Smidt. 2023). Markmið okkar hjá Framtíðarfólki er að barnið öðlist jákvæðan skilning á sjálfu sér og möguleikum sínum, mikilvægi félagsfærni og jákvæða sýn á umhverfi sitt hvort sem það er á heimili sínu, í leikskólanum okkar eða í samfélaginu. Undirþættir á þessu námsviði eru: Líkamsþroski, heilsa, heilbrigði og sjálfshjálp og félags- og tilfinningaþroski

Barn náttúrunnar: Sjálfbærni og náttúra

Grunnþáttur menntunar skv. Aðalnámskrá leikskóla: sjálfbærni



Námssviðið „Barn náttúrunnar“ snýr að því að þróa færni og þekkingu barna gagnvart sjálfbærni, vísindum og náttúru með leik og könnun. Það er vaxandi skilningur og viðurkenning á því að þróun tengsla við náttúru og vísindi séu sérstaklega mikilvæg í barnæskunni. Við trúum því að markviss vinna að mótun tengsla við náttúru, sjálfbærni og vísindi stuðli að grunnþekkingu

og færni barna og efli jákvæð viðhorf þeirra til menntunar almennt. Undirþættir á þessu námssviði eru; Skynjunar- og könnunarleikur, náttúra og útikennsla, sjálfbærni og vísindi.

Barn,tækni og tölur – grunnstærðfræði, tækni og vísindi

Grunnþáttur menntunar skv. Aðalnámskrá leikskóla: sjálfbærni og læsi




Námssviðið „Barn, tækni og tölur“ leggur áherslu á að byggja grunn að stærðfræðikunnáttu barna. Markmið okkar er að veita börnum grunnfærni sem nýtist þeim allan námsferilinn og byggir á skemmtilegri og aðgengilegri tengingu stærðfræði með leiknum. Þótt stærðfræði sé ekki formlega viðurkennt svið í Aðalnámskrá leikskóla byrja börn að mynda tengsl við stærðfræði frá unga aldri með leiknum og náttúrulegri eðlishvöt. Á grundvelli þeirrar vitneskju viljum við

þróa og efla þessa færni barna enda samræmist sú hugsun nálgun okkar um heildrænan þroska barna í okkar umsjón. Börn í leikskólum okkar munu upplifa stærðfræði í aðlaðandi og hvetjandi umhverfi. Fyrstu kynni barna af stærðfræði munu stuðla að sjálfstrausti og getu þeirra til að skilja og nota stærðfræði áfram. Undirþættir þessa námssviðs eru; kubbaleikur, grunnstærðfræði í leik og spilum, og tækni – STEAM.

Barnið sem skapandi vera – sköpunargáfa og forvitni

Grunnþáttur menntunar skv. Aðalnámskrá leikskóla: sköpun og lýðræði



Námssviðið „barnið sem skapandi vera“ tengist grunnþætti menntunar um sköpun og lýðræði. Sköpunargáfa er mikilvæg stoð í kennslu leikskólabarna. Markmið okkar er að finna jafnvægi á milli menntunar, eflingar nauðsynlegrar færni og þróunar á getu hvers barns. Auk þess viljum við stuðla að auknu sjálfstrausti barna og efla trú þeirra á eigin getu til að skapa á eigin spýtur. Hjá Framtíðarfólki er hafsþór af úrræðum og verkfærum sem börn hafa aðgang að við að skapa og tjá hugsanir sínar. Við hvetjum starfsfólk til að vera skapandi og takmarka aldrei aðgengi barna að efnivið og leggjum áherslu á að nota náttúrulegan, endurunnin og sjálfbæran efnivið. Undirþættir þessa námssviðs eru; dans og hreyfing, tónlist, margmiðlunarlist, hlutverkaleikir og lífsleikni og myndmennt.

Barnið og málrækt – málþroski, samskipti og læsi

Grunnþáttur menntunar skv. Aðalnámskrá leikskóla: læsi og sköpun



Námssviðið „barnið og málrækt“ tengist einu mikilvægasta þroskasviðinu sem við vinnum með þ.e. að byggja sterkan grunn læsis og málnotkunar. Við lítum á læsi og bernskulæsi sem grunninn að því að standa sig vel í skóla, umgangast aðra og þróa sjálfstæði. Þættirnir sem mynda læsi og unnið verður markvisst með hjá Framtíðarfólki eru: orðaforði, málskilningur, frásagnar- og samskiptafærni, hljóðfræðivitund, bókstafaþekking, umskráning og ritun. Leikur veitir börnum mjög grípandi og þroskandi samhengi til að læra nauðsynleg hugtök og færni

bernskulæsis. Þegar börn eiga samskipti með leik læra þau hvernig tungumálið virkar í umgengni við aðra og þau tengja merkingu talaðs máls við ritmál, sem er mikilvægur lykill að árangri í skóla. Málörvun ætti að vera starfsfólki efst í huga í öllu sem við gerum og hvert tækifæri ætti að nota til að efla íslensku í gegnum leik, söng, samskipti og öllum mögulegum aðstæðum þar sem börn og fullorðnir eru saman.

Barn heimsins – inngilding, jafnrétti og lýðræði

Grunnpáttur menntunar skv. Aðalnámskrá leikskóla: lýðræði, mannréttindi og jafnrétti



Hjá Framtíðarfolki vinnum við með gildi sem tengjast auknum skilningi á menningu, fjölbreytileika, jafnrétti og lýðræði. Saman eru þessi gildi oft skilgreind sem hnattræn borgaravitund. Þetta eru líka allt lykilhugtök sem undirbúa börn dagsins í dag til að þróa færni sem þarf til að vera leiðtogi, frumkvöðull, borgari eða hugmyndasmiður morgundagsins. Við trúum því að grunnurinn sem við mótum og markmiðin sem við leitumst við að ná muni aðstoða börn við að finna sinn stað í samfélaginu og hafa að leiðarljósi virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Hugmynd okkar um að vinna með jafnrétti og lýðræði byggist á því að efla hæfileika og færni barna til að hlusta á aðra og stunda víðsýna umræðu, skapa einstakar hugmyndir, nýta gagnrýna hugsun, úthluta ábyrgð í sameiginlegum verkefnum og þróa hæfni til sjálfstjórnar.

Við trúum því að þróun færni með fjölbreytileika og inngildingunni að leiðarljósi muni búa börn undir samskipti við hvers kyns fólk og/eða aðstæður án fordóma eða ótta. Þegar fjallað er um hugmyndina um menningarlega fjölbreytt námsumhverfi leggjum við mikla áherslu á viðeigandi starfshætti þar sem móðurmál eru ekki aðeins notuð til að efla fjöltyngi og íslensku sem málkunnáttu heldur einnig til að efla menningarnæmni og skilning um heiminn þar sem fjöldi tungumála þrífst. Undirþættir þessa námssviðs eru; lýðræði, jafnrétti, fjölbreytni og inngilding og fjöltyngd málrækt.

Mat á leikskólastarfi

„Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla” (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Mat í leikskólanum þarf að uppfylla þau skilyrði að vera kerfisbundið, altækt, opinbert, áreiðanlegt, lýsandi, og greinandi. Mat á leikskólastarfi, bæði innra og ytra mat, verður að stuðla að umbótum og samstarfi milli ólíkra aðila. Tilgangur mats er þríþættur; að fylgjast með að ákvæðum laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir, að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum og loks að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar innra mat sem skólar framkvæma sjálfir og hins vegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur, t.d. sveitarfélög eða ráðuneyti.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum, samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla,
- auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Innra mat

Hjá Framtíðarfélagi verður þróuð langtímaáætlun um innra mat skólans. Matsteymi verður skipað haustið 2025 og gerð verða drög að ársáætlun innra mats fyrir skólaárið 2025-2026. Vorið 2026 heldur vinna við þróun innra mats áfram og matsteymi mun funda reglulega samkvæmt langtíma- og ársáætlun um innra mat. Unnir verða gátlistar (gæðaviðmið) um gæði leikskólastarfs byggðir á ítarlegum *gæðaviðmiðum Reykjavíkurborgar* og leiðbeiningum um innra mat leikskóla frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Gæðaviðmiðin verða innleidd að fullu á næstu árum og hefst vinnan á innleiðingu gæðaviðmiða í floknum “innra mat”.

Gæðaviðmið leikskólastarf eru flokkuð á eftirfarandi hátt:

- Stjórnun
- Uppeldis- og menntastarf
- Leikskólabragur
- Foreldrasamstarf
- Innra mat.



Gæðaráð (matsteymi) skólaárið 2025-2026 skipa:

- Skólastjórar: Nichole Leigh Mosty og Guðrún Jóna Thorarnesen
- Fulltrúi kennara:
- Fulltrúi annars starfsfólks:
- Fulltrúi foreldra:

Gæðaráðið sér um skipulag innra matsins og ber ábyrgð á framkvæmd þess allt frá skipulagningu til eftirfylgni umbóta. Þær umbætur sem skólinn fer í á skólaárinu 2025–2026 má sjá í skýrslu gæðaráðs frá síðasta skólaári.

Það er metnaðarmál okkar að allir þættir innra mats taki mið af skýrum gæðaviðmiðum gildandi menntastefnu hverju sinni sem og stefnu sveitarfélagsins. Innra mat er samofið öllu skólastarfi og stöðugt til umfjöllunar í öllu starfi skólans. Kennarar, nemendur, foreldrar og fræðsluyfirvöld eru meðvituð um hvernig skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið.

Í langtímaáætlun innra mats til fjögurra ára kemur fram hvaða þætti eigi að meta og hvenær, hver séu viðmið matsins og hvers vegna og að lokum hverjir taka þátt í matinu. Einnig kemur fram hver eigi að bera ábyrgð á utanumhaldi matsins. Samantekt yfir mat hvers skólaárs verður tekið saman í skýrslu um innra mat, ásamt umbótaáætlun, nefndir

verða styrkleikar þ.e. hvernig gekk að ná markmiðum og hvað megi helst bæta. Áætlanir innra mats, skýrsla um innra mat og umbótaáætlun verða til umfjöllunar í foreldraráði, á starfsmannafundum og í fræðsluráði. Áætlanir og skýrslur verða birtar á heimasíðu skólans.

Ytra mat

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytisins. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og Aðalnámskrám. Er það gert með skoðun á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, starfsfólk skóla og foreldra.

Nemendur

Ýmsar aðferðir eru notaðar hjá Framtíðarfólki til að meta nám barnanna:

Orðaskil

Orðaskil er málþroskapróf fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til 3gja ára sem foreldrar fylla út. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða og færni ungra barna á beygingarkerfi og setningagerð málsins.

EFI-2 Málþroskaskimun

EFI-2 málþroskaskimun metur málskilning og tjáningarfærni barna. EFI-2 er lagt fyrir öll börn á fjórða aldursári hjá Framtíðarfólki en svör barns gefur vísbendingu um hvar það er statt í málþroskaferlinu. Tilgangurinn er að meta þörf barna fyrir stuðning í málþroskaferlinu. EFI-2 skimunin er notuð hjá Framtíðarfólki til að kanna færni í málþroska bæði á íslensku og á móðurmáli hjá fjöltyngdum börnum.

Skólastjóri heldur utan um fyrirlögn skimana ásamt leikskólaráðgjafa. Hljóm-2 er lagt fyrir alla nemendur að hausti á lokaári leikskólagöngu og endurtekið ef þörf er á í febrúar. Þroskalistar eru fylltir út fyrir hvert barn árlega og farið yfir þá með foreldrum í foreldrasamtölum. Aðrar skimanir eru lagðar fyrir í samvinnu við foreldra vegna einstakra nemenda ef áhyggjur vakna af þroskaframvindu þeirra.

Matstæki	Hvers konar	Hve oft	Áherslupættir	Hver leggur fyrir
Íslenski smábarnalistinn 15-38 mánaða	Stöðupróf	Ef þess þarf	Hreyfiþroski, vitsmunapróska og málþroski.	Móðir barns svarar listanum. Kennari með réttindi les úr honum.

Íslenski þroskalistinn 3-6 ára	Stöðupróf	Ef þess þarf	Hreyfiproski, vitsmunaproski og Málþroski.	Móðir barns svarar listanum. Kennari með réttindi les úr honum.
Aldursviðmiðaðir þroskalistar	Stöðupróf	Árlega	Allir þroskaþættir.	Starfsfólk deilda í samráði við sérkennslustjóra
AEPS Matskerfi	Færnimatslisti	Ef þess þarf	Notast við gerð einstaklingsnám skrár	Sérkennslustjóri og foreldra

Foreldrasamstarf


„Líðan barns í leikskóla er samtvinnað velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Bera á virðingu fyrir fjölbreyttum bakgrunni barna og hvetja foreldra fjöltyngdra barna að viðhalda móðurmálinu“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Þegar barn hefur leikskólagöngu hjá Framtíðarfólki eru foreldrar þess boðaðir í fyrstu heimsókn áður en skólagangan hefst, þar sem starfsemi skólans er kynnt ásamt starfseminni á svæði barnsins. Smáforritið Vala er einnig notað í samskiptum við foreldra. Samvinna við foreldra er grunnur að góðum samskiptum og tryggir að leikskólinn geti þjónað þörfum hvers barns. Þessi samvinna byggir á opnum samskiptum, virðingu og trausti. Leikskólinn leggur áherslu á að foreldrar séu virkir þátttakendur í daglegu lífi barna sinna á leikskólanum með eftirfarandi aðferðum:

- **Regluleg samskipti og upplýsingaflæði:** Með notkun tölvupósts, upplýsingakerfa leikskólans og foreldrafunda er tryggt að foreldrar fá upplýsingar um framvindu, námsmarkmið og viðburði leikskólans. Einnig verða haldnir foreldrafundir þar sem foreldrar fá innsýn í þróun námsumhverfisins og tækifæri til að hafa áhrif á stefnumörkun skólans.
- **Foreldraþátttaka í leikskólastarfinu:** Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í útikennslu, viðburðum og sérstökum verkefnum sem tengjast starfi leikskólans. Þannig geta foreldrar bæði verið hluti af daglegu starfi barnanna og stuðlað að því að tengja heima- og leikskólaumhverfið saman á jákvæðan hátt.

- **Foreldraviðtöl og ráðgjöf:** Leikskólinn mun bjóða upp á regluleg foreldraviðtöl þar sem foreldrar fá tækifæri til að ræða þroska barna sinna og fá ráðgjöf um hvernig þau geti stutt við nám barna heima.

Samstarf við samfélagið



Samfélagið í heild, þ.m.t. aðrir skólar, menningarstofnanir, íþróttafélög og önnur þjónustutengd fyrirtæki, gegna mikilvægu hlutverki við að styðja við uppbyggingu leikskólans. Samstarf við ýmsa aðila mun hjálpa til við að skapa tengsl við nærsamfélagið og koma til móts við þarfir barna og fjölskyldna þeirra á fjölbreyttan hátt.

- **Samstarf við grunnskóla:** Tilgangurinn með samstarfi milli skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissri uppbyggingu náms. Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt að tryggja gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum um starf og starfsaðstæður. Markmiðið er að stuðla að velliðan og öryggi barna og foreldra þegar börnin flytjast á milli skólastiga. Til þess að ná þessu markmiði er mikilvægt að samræmi sé milli þess sem börn vinna með eða gera í leikskólanum og þess sem unnið er að í grunnskólanum. Ekki er stefnt að því að allt eigi að vera eins á skólastigunum heldur að munurinn sé innan þeirra marka að hann valdi ekki óöryggi og kvíða hjá börnum og foreldrum þeirra.
- **Heimsóknir og þátttaka í samfélagsverkefnum:** Börnin munu reglulega taka þátt í vettvangsferðum í nærsamfélaginu, hvort sem það eru heimsóknir í nærliggjandi skóla, gróðurverkefni og/eða viðburðir sem haldnir eru í tengslum við samfélagsverkefni. Með þessum heimsóknum fá börnin tækifæri til að kynnst samfélaginu sem þau eru hluti af og þróa tilfinningu fyrir félagslegum tengslum og ábyrgð.
- **Samvinna við menningar- og fræðslustofnanir:** Samstarf við menningar- og fræðslustofnanir verður nýtt til að skapa upplifanir sem styðja við menntun barnanna, líkt og samstarfsverkefni við safn, bókasöfn eða fræðslustofnanir sem geta leitt fræðslu um umhverfi og sögu viðkomandi staða.
- **Stuðningur við fjölskyldur í samstarfi við þjónustuaðila:** Til að tryggja alhliða velliðan barna verður leikskólinn einnig í samstarfi við þjónustuaðila sem bjóða upp á félagslega, heilsutengda og faglega ráðgjöf. Þessi stuðningur er sérstaklega mikilvægur fyrir fjölskyldur sem þurfa á aukinni þjónustu að halda. Samstarf þetta verður þróað í nánari samráði við þjónustukerfi sveitarfélagsins.

Áhersla á farsæld, samþætta þjónustu og fjölbreytileika í skólum Hafnarfjarðar

Í leikskólum Hafnarfjarðar er mikil áhersla lögð á farsæld barna, samþætta þjónustu, fjölbreytileika, sköpun og samvinnu. Þessi nálgun miðar að því að styðja við alhliða þroska barna og stuðla að heildstæðu námi og velferð. Áherslan á farsæld, samþætta þjónustu, fjölbreytileika, sköpun og samvinnu mun tryggja að leikskólinn Áshamar verði staður þar sem börn fá tækifæri til að þroskast á fjölbreyttan hátt, bæði námslega og félagslega.

Farsæld barna: Farsæld barna er eitt af meginmarkmiðum skólanna í Hafnarfirði, þar sem lögð er áhersla á að börnin njóti velliðunar, öryggis og stuðnings í leik og námi. Með því að leggja áherslu á andlega og líkamlega velliðan, er stuðlað að heilbrigðum þroska og

jákvæðum samskiptum. Þetta þýðir að leikskólinn Áshamar mun skapa umhverfi þar sem börnin upplifa öryggi, gleði og jákvæð tengsl við aðra.

- **Sambætt þjónusta:** Sambætt þjónusta felur í sér að vinnubrögð allra þeirra sem koma að velferð barna, þ.m.t. leikskólakennarar, sérfræðingar, ráðgjafar og heilbrigðisstarfsfólk eru samtvinnuð í eina heild. Með sambættingu þjónustu er tryggt að börnin fái þá stuðningsþjónustu sem þau þurfa, hvort sem það er í formi náms- eða félagslegrar ráðgjafar eða heilsutengdra úrræða. Slíkt samstarf tryggir að fjölskyldur fái heildstæða og samræmda þjónustu til að styðja við þroska barna sinna.
- **Fjölbreytileiki:** Í leikskólum Hafnarfjarðar er lögð áhersla á að mæta þörfum allra barna óháð uppruna, færni eða menningu þeirra. Með því að sambætta fjölbreytileika í kennsluháttum og leikskólastarfi er tryggt að börn fái nám sem mætir þörfum þeirra á einstaklingsbundinn hátt. Þetta felur í sér að börnin fái tækifæri til að læra á sínum forsendum, í umhverfi þar sem virðing fyrir fjölbreytileika er í fyrirrúmi.
- **Sköpun:** Leikskólinn Áshamar mun leggja áherslu á skapandi nálgun í námi, þar sem börnin fá tækifæri til að þróa hugmyndaflug sitt og sköpunargáfu í gegnum frjálsan leik, listsköpun og verkefni tengd náttúrunni. Með því að nýta náttúrulega umgjörð Áshamars, þar sem börnin geta notað náttúrulegan efnivið í leik og verkefni er lögð áhersla á að efla sköpunargleði þeirra og frumkvæði.
- **Samvinna:** Samvinna er grunnurinn að því að börn þrói með sér félagsfærni, virðingu fyrir öðrum og hæfni til samvinnu að sameiginlegum markmiðum. Á Áshamri verður lögð sérstök áhersla á samvinnu bæði á milli barna og starfsfólks en einnig á milli leikskólans, foreldra og samfélagsins. Með samvinnu í daglegu leikskólastarfi og verkefnum læra börn að virða fjölbreytileika og þróa félagslega ábyrgð.

Heimildaskrá

Brooker, L., Blaise, M. og Edwards, S. (2014). The SAGE handbook of play and learning in early childhood. Sage. <https://doi.org/10.4135/9781473907850>

Corsaro, W. A. (2015). The sociology of childhood (4. útgáfa). Sage.

Clark, A. (2022). Slow Knowledge and the Unhurried Child: Time for Slow Pedagogies in Early Childhood Education (1st ed.). Routledge.

Imran S., & Shu-Shing. L.. (2012) Building Relationships between Schools and Communities' Agencies: Crafting a Programmatic Proposal. Creative Education, 3, 362-368. doi: 10.4236/ce.2012.33057

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). Aðalnámskrá leikskóla 2011. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti/media/media/ritogskyrslur/adalnskr_leiksk_2012.pdf

Zöggeler-Burkhardt, L., Embacher, E., & Smidt, W. (2023). Social relationships, interactions and learning in early childhood – theoretical approaches, empirical findings and challenges. Early Child Development and Care, 193(11–12), 1199–1203. <https://doi.org/10.1080/03004430.2023.2260976>

